

Nokkrir punktar um "Tillögu til þingsályktunar um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði". SP 1983 - 104. mál 598

Jón Ingimarsson, Jón Vilhjálmsson

Greinargerð

Mokkrir punktar um "Tillögu til þingsályktunar um
lökkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í
orkusparnaði". SP 1983 - 104 mál.

Jón Ingimarsson
Jón Vilhjálmsson

Þessi tillaga til þingsályktunar gerir ráð fyrir að niðurgreiðslur á orku til húshitunar verði auknar á næstunni og verði til frambúðar á innlendum orkugjöfum. Auk þess er lagt til að gert verði "stórátak til orkusparnaðar", en miklar niðurgreiðslur á orku gera slíkt átak nánast ómögulegt nema e. t. v. með lagasetningu. Um þessa tillögu skal eftirfarandi tekið fram:

- Hvort eðlilegt sé að miða við að sex vikna laun samkvamt taxta hjá verkamannafélaginu Dagsbrún skal ósagt látið, en slíkt er pólitískt mat. Þó skal nefna að samkvamt (1) áætlaði olíufyrirtæki nokkurt að ef ekki hefði komið til orkusparnaðar síðustu ára í Danmörku færu 25 % af tekjum fjölskyldna í olíukynntu húsnaði til hitunar (einbýli).
- Með þeim niðurgreiðslum á orku til húshitunar sem eru í gildi í dag er verið á orka til þeirra nota allsstaðar innan við 2,5 falt vegið meðalverið (sbr fylgiskjal 11 með tillögunni og nýjustu hækkun hjá ER og lækkun olíu).
- Þegar niðurgreiðslur á innlendum orkugjöfum eru svo skýrt ákveðnar sem hér er lagt til verður erfitt að snúa til baka. Greiða á niður innlenda orkugjafa, sem um nána framtíð verða nýttir til húshitunar, og mun því þurfa mikið og líklega með tímanum vaxandi fjármagn til þessara niðurgreiðslna.
- Húshitunarvandamálið er að öllum líkindum mun stærra hjá mörgum öðrum þjóðum, sem hafa svipaða hitunarpörf húsnaðis og við Íslendingar, en hjá okkur. Þar þjóðir hafa ekki leyst vandann með niðurgreiðslum heldur í mörgum tilvikum hvatt landsmenn til orkusparnaðar, sett lög um aukna einangrun húsnaðis og veitt ráðgjöf, lán og styrki. Á mynd 1 (fengin úr (1)) er sýnt hvernig orkunotkun á íbúð og gráðudag hefur þróast hjá nokkrum þjóðum. Sá þáttur sem talinn er valda hvað mestu hér um er sjálfviljugur orkusparnaður fólks, sem kominn er til vegna hins háa orkuverðs. Ráðgjöf, leiðbeiningar, lána-starfsemi og styrkir hafa einnig haft sitt að segja t. d. hjá Dönum, en þeir hafa náð allra þjóða mestum árangri í orkusparnaði. Á mynd 2 er sýnt hvernig Danir hafa náð þessum góða árangri í orkusparnaði, en þar kemur fram að lækkun innihitastigs í íbúðum hefur haft einna mest að segja. Einnig kemur þar fram hvaða

aðgerðir Danir hafa framkvæmt til að auka orkusparnað (sjá heimild (2)).

- Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur gert athugun á því hvaða árangri má ná í orkusparnaði með endurbótum á húsum (sjá heimild (3)). Tekin eru fyrir fjögur hús, tvö frá 1920 - 1939 og tvö frá 1970 - 1979, sem hvorki hafa óeðlilega mikla orkunotkun né mjög litla. Ef miðað er við endurbætur sem telja verður hagkvæmar fyrir húseigandann fengust eftirfarandi niðurstöður:

ORKUNOTKUN kWh/m ³ /ári		
	Án endurbóta	Með endurbótum
Hús A	82	61
- B	112	51
- C	92	73
- D	63	63

Miðað við rafhitun hjá Rarík verður þá kostnaður eftir endurbætur við upphitun hvers rúmmetra:

HITUNARKOSTNAÐUR kr/m ³ /ári		
	Niðurgreidd rafhitun	Óniðurgreidd rafhitun
Hús A	41	73
- B	34	60
- C	48	86
- D	42	75

Ef gert er ráð fyrir að meðalverð á orku til hitunar sé 1,3 sinnum gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur og að meðalnotkun húsa sé um 2,0 m³ vatns á rúmmetra hitaðs rýmis fast kostnaðurinn 39 kr/m³. Samkvæmt þessu virðist mögulegt, með aðgerðum sem eru húseigendum hagkvæmar, að ná kostnaði við húshitun alls staðar á landinu niður fyrir 2,5 faldan meðalkostnað. Með að veita íbúðareigendum styrki til endurbóta mætti ná þessu hlutfalli enn neðar með aðgerðum sem varu hús-

eigendum hagkvæmar. Ef niðurgreiðslum væri sleppt mætti nota þá peninga í styrki, t. d. miðað styrki við 5 ára niðurgreiðslur og láta þá ganga fyrir sem hefðu hlutfallslega mesta orkunotkun.

- Með niðurgreiðslum á orku er aðalhvati til orkusparnaðar fjarlægður, og þó boðin séu hagstæð lán þarf að sækja um þau, og fólk gerir það ekki nema það sjái sér verulegan hag í því. Jafnvel þó boðnir séu styrkir er ekki víst að fólki finnist taka því að sækja um þá ef orka er mikið niðurgreidd, þar sem orkusparandi aðgerðir valda óþægindum og hafa vinnu í för með sér fyrir íbúðareigendur. Í þessu sambandi má minna á að styrkir til stillingar olfukynditækja hafa verið mjög lítið notaðir.

- Einn sá þáttur sem hefur mikil áhrif á orkunotkun er hegðunarmynstur fólks, en með niðurgreiðslum er komið í veg fyrir að hægt sé að hafa áhrif á það og ná þannig fram miklum orkusparnaði. Með jöfnun orkukostnaðar mun fólk á þeim svæðum þar sem orkan er í raun dýrust ekki reyna að spara hana neitt umfram aðra landsmenn.

- Erfitt er að meta hvaða árangur næst hefur hér á landi á síðustu árum í orkusparnaði vegna ónógra gagna, þó er hann að öllum líkindum ekki mjög mikill þegar á heildina er lítið. Einstaka íbúðareigandur hefur þó með ýmsum aðgerðum tekist að minnka orkunotkun sína verulega og má í því sambandi nefna dæmi frá Stöðvarfirði þar sem húseiganda tókst að minnka orkunotkun um 16.000 kWh/ári.

Út frá því sem hér er talið upp má ljóst vera að annars vegar greinar 1) og 2) og hins vegar 3) og 4) eru í vissri mótsoðn. Með miklum niðurgreiðslum á orku til húshitunar getur orðið nánast ómögulegt að gera mikið átak í orkusparnaði, nema þá með lagasetningu (t. d. um aukna einangrun), og orkusparnaður getur aldrei orðið nálægt því eins mikill eins og ef borgað væri raunvirði fyrir orkuna. Sú spurning vaknar hvort ekki væri réttara að veita fólki styrki til orkusparandi aðgerða fremur en að greiða niður orkuna, með því fæst frambúðarlausn og áfram verður hvati hjá fólki til sparnaðar.

Hvernig frankvæma eigi líði 3) og 4) í tillögunni virðist einnig vera í nokkuð laust í reipunum. Mikilvægt er að

sveitarfélög og orkuveitur taki virkan þátt í átaki til orkusparnaðar, en nefna má að nú stendur yfir á vegum húshitunarnefndar Vestlendinga ráðgjöf um orkusparnað fyrir húseigendur á Snafellsnesi. Samkvæmt lögum í Bandaríkjunum eru orkufyrirtæki skyldug til að veita húseigendum ráðgjöf varðandi orkusparandi endurbætur á húsnæði gegn greiðslu (sjá heimild (4)). Nýlega er lokið námskeiði um orkusparnað fyrir starfsmenn orkuveitna og næsta námskeiði verður haldið í lok mánaðarins, með því skapast grundvöllur til að fara að dæmi Bandaríkjamanna.

HEIMILDIR:

- (1) Lee Schipper 1983: "Residential Energy Use and Conservation in Denmark 1965 - 1980". Energy Policy, December.
- (2) Hilde Jervan, Morten H. Raaholt og Carsten Tank-Nielsen 1984: "Metode for maaling av energiøkonomiseringsgevinster". Gruppen for ressursstudier, GRS-526.
- (3) Björn Marteinson 1983: "Endurbætur húsa með tilliti til orkusparnaðar". Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
- (4) Robin W. Gates 1983: "Investing in Energy Conservation. Are Homeowners passing up high yields?". Energy Policy, March.





Figure 2. OECD space heating: average energy consumption per degree-day.



Virkemiddelbildet:

1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
	Energi- spare- utvalg opp- rettes		Tilskudd til inve- steringer i energi- økonomi- sering. Energi- konsulenter			Til- sk.ordn. strammes gjennom "positiv- listen". Lov om Skatte- fradrag for inv. i enøk. for selveiere	Bygg- forskr. revi- deres. Lov om kon- trolle- ring av olje- fyrings- anlegg	Skatte- fra- drags- ordningen oppheves
	årlige informasjonskampanjer							

Figur 6.9: Energiøkonomiseringsgevinster, utviklingen i energi-
pris og privatdisponibel realinntekt og virkemiddel-
bildet i danske husholdninger 1972-80

Mynd 2